

Orðmyndun II

Orðum er skipt í orðeiningar eftir því hvernig þau eru mynduð. Orðeiningarnar eru: rót, viðskeyti, forskeyti, stofn og beygingarending. Rót er frumatkvæði orðs (oftast eitt atkvæði) og í rótinni er kjarni merkingarinnar. Rót getur tekið hljóðbreytingum og viðbótum. Þá verða orðin ólík í útliti en merkingin er skyld: *far, far-a, far-angur, fer-ð, fær-a, fær-sla, um-fer-ð, við-för-ull*.

- 1) Viðskeyti er bætt aftan við rótina: *fer-ð*
- 2) Forskeyti er bætt framan við rótina: *ó-fær*
- 3) Í afleiddum orðum verða oft i- eða u-hljóðvörp: *viðförrull* (*far-*; u-hljóðvarp), *ferð* (*far-*; i-hljóðvarp), *færa* (*för-*; i-hljóðvarp)

Stofn er sá hluti orðs sem helst óbreyttur í öllum föllum orðsins (orð mínus beyging). Stofn getur verið:

- rót: *far*
- rót ásamt viðskeyti: *fer-ð*
- rót ásamt forskeyti: *ó-fær*
- rót ásamt forskeyti og viðskeyti: *um-fer-ð*

Viðskeyti í íslensku eru mörg en virk viðskeyti í nútímamáli eru ekki miklu fleiri en 20.

Viðskeyti sem mynda lýsingarorð

Af nafnorðum

Af sögnum

Af lýsingarorðum

<i>-leg-</i> tröll: trölls-legur kuldi: kulda-legur asni: asna-legur <i>-ótt-</i> rönd: rönd-óttur blettur: blett-óttur rós: rós-óttur <i>-ræn-</i> list: list-rænn líf: líf-rænn geð: geð-rænn	<i>-leg-</i> breyta: breytilegur skilja: skiljanlegur færa: færana-legur <i>-ul-</i> gefa: gjöf-ull <i>-að-</i> (<i>-d-</i> , <i>-ð-</i> , <i>-t-</i>) mála: mál-aður selja: sel-dur særa: sær-ður klessa: kless-tur	<i>-leg-</i> fátækur: fátæk-legur góður: góð-legur gláður: gláð-legur
--	--	--

- <i>sam</i> - tillit: tillits-samur vinna: vinnu-samur samviska: samvisku-samur	- <i>in</i> - brjóta: brot-inn hlýða: hlýð-inn drekka: drukk-inn þrifa: þrif-inn	
- <i>sk</i> - Ísland: íslen-skur Norðurland: norðlenskur		
- <i>ug</i> - blóð: blóð-ugur skítur: skít-ugur gras: grös-ugur		

-*leg*- er algengasta viðskeytið sem myndar lýsingarorð. Merkingin var upphaflega ‘líkur einhverju’ t.d. *asnalegur* er einhver sem er líkur asna. Einnig má sjá merkinguna ‘virðist vera’ í orðum eins og *góðlegur* og *gladlegur*. Viðskeytinu má skeyta við mjög mörg nafnorð, sagnorð og lýsingarorð: *barnalegur*, *breytilegur* og *góðlegur*. Þegar viðskeytinu er skeytt við nafnorð eru þau stundum í eignarfalli eintölu eða fleirtölu. Þegar viðskeytinu er skeytt við sagnorð er stundum tengistafur á milli rótar og viðskeytis; *sýnilegur*.

-*að*- (-*d*-, -*ð*-, -*t*-) myndar lýsingarhátt þátíðar af veikum sögnum: *málaður*, *seldur*, *særður*, *klesstur*. Lýsingarhátturinn hefur oft stöðu lýsingarorðs.

Bíllinn er illa *málaður*; Bíllinn var *málaður* í mörgum litum; Ég hef *málað* bílinn. Bíllinn er *klesstur*; Bíllinn var *klesstur* í ferðalaginu. Hann hefur *klesst* bílinn.

-*in*- myndar lýsingarhátt þátíðar af sterkum sögnum: *brottinn*, *drukkinn*, *ekinn*, *sofinn*. Lýsingarhátturinn hefur oft stöðu lýsingarorðs.

Elín er mjög *þrifin*; Íbúðin var *þrifin* í gær. Þau hafa *þrifið* íbúðina.

-*ótt*- myndar lýsingarorð af nafnorðum: *flekkóttur* af nafnorðinu *flekkur*, og *holóttur* af nafnorðinu *hola*. Það krefst u-hljóðvarps ef *a* er í rót: *kjöflóttur*, *bröndóttur*. Merkingin er ‘mikið af einhverju eða þakið einhverju’, t.d. á holóttum vegi eru margar holur o.s.frv.

-*ræn*- var upphaflega notað í áttarlýsingarorðum, *norrænn*, *suðrænn*, en er nú orðið talsvert virkt í nýyrðum: *listrænn*, *sálrænn*, *vélrænn*.

-*sam*- myndar lýsingarorð af nafnorðum: *skynsamur*, *lánsamur*. Fyrri liður orðsins, nafnorðið, er oft í eignarfalli: *tilfinningasamur*, *tillitssamur*. Lýsingarorð með viðskeytinu -*sam*- vísa oft í persónur en lýsa líka ástandi: *tafsamur*, *erilsamur*, *kostnaðarsamur*, *vindasamur*.

-*sk*- myndar lýsingarorð af nafnorði. Ef um samsett orð er að ræða fellur miðatkvæðið (eignarfallsendingin) oftast brott: *Reykjavík*: *reykvískur* og i-hljóðvarp verður í seinni lið samsetta orðsins: *Eyja fjörður*: *eyfirskur*. Þegar stofn

er tvíkvæður verður ekki brottfall enda er þá ekki um endingu að ræða: *Akureyri* (*akur + eyri*): *akureyrskur*.

-ug- myndar lýsingarorð af nafnorði. Það krefst u-hljóðvarps ef **a** er í rót: *afl*: *öflugur*. Viðskeytið hefur tvær merkingar:

a) gæddur einhverju: *vald*: *voldugur*, *afl*: *öflugur*

b) þakinn einhverju: *snjór*: *snjóugur*, *blóð*: *blóðugur*

-ul- myndar lýsingarorð af sögnum: *spyrja*: *spurull*. Það krefst u-hljóðvarps ef **a** er í rót: *viðförull* (sbr. *að fara víða*).

Verkefni

1. Myndið lýsingarorð af eftirfarandi orðum með viðskeytinu *-sk-*.

Borgarfjörður: *borgfirskur*

Suðurland: _____

Ísland: _____

Rússland: _____

Finnland: _____

Skandinavía: _____

Rómverji: _____

Pólverji: _____

Þjóðverji: _____

pólitík: _____

helvíti: _____

2. Myndið lýsingarorð af eftirfarandi orðum með viðskeytinu *-leg-*.

dóni: *dónalegur*

elska: _____

hressa: _____

lýðræði: _____

ró: _____

skömm: _____

efnahagur: _____

hugsa: _____

hætta: _____

maður: _____

sérkenni: _____

vísindi: _____

leiði: _____

3. Hvernig eru þessi lýsingarorð mynduð?

stafrænn, sköllóttur, snyrtilegur, nýlegur, rigningasamur, danskur, rykugur, lesinn

4. Finnið stofn þessara orða:

síbreytilegur, úrkomusöm, ritunartímanum, bóndadaginn, landnámskonurnar